

Upplýsingar um seljanda

Nafn	Kennitala	
Virðisaukaskattsnúmer	Uppgörstímabil	Ár
Tölvupóstfang		

Upplýsingar um útleigð skráningarskyld ökutæki

Tegund bifreiðar	Fastanúmer	Ökutæki keypt	Leigudagur	Leiguverð
				A
			Samtals	

Skýringar

Heimilt er skv. ákvæði til bráðabirgða nr. XXXIX við lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, að undanþiggja frá skattskyldri veltu útleigu á rafmagns-, vetnis- eða tengiltvinnbifreið.

Skilyrði fyrir undanþágunni eru að:

1. Leigusali sé handhafi leyfis til að stunda eignaleigu eða fjármögnunarleigu skv. 3. tölul.
1. mgr. 3. gr. og 3. tölul. 1. mgr. 20. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, eða starfsleyfis til rekstrar ökutækjaleigu skv. 3. gr. laga um leigu skráningarskyldra ökutækja, nr. 65/2015, og uppfyllir að öðru leyti skilyrði laga þessara.
2. Ökutækið sé skráð sem bifreið í ökutækjaskrá, sbr. 9. tölul. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga, nr. 77/2019, og falli undir vöruliði 8703 eða 8704 í tollskrá.
3. Skráð losun á koltvísisýringi tengiltvinnbifreiðar uppfylli skilyrði 2. tölul. 6. mgr ákvæðis til bráðabirgða XXIV.

Gildistími

Undanþágan er í gildi frá 1. júlí 2020 til og með 31. desember 2023.

Útleiga rafmagns-, vetnis- eða tengiltvinnbifreiðar sem fer fram á framangreindu tímabili og uppfyllir framangreind skilyrði telst til undanþeginnar veltu án tillits til dagsetningar leigusamnings.

Fari útleiga rafmagns-, vetnis- eða tengiltvinnbifreiðar fram eftir 31. desember 2023 skal hún teljast til virðisaukaskattsskyldrar veltu án tillits til dagsetningar leigusamnings.

Nýti skattaðili sér heimild til að undanþiggja útleigu á framangreindum ökutækjum frá skattskyldri veltu ber honum samhlíða skilum á virðisaukaskattsskýrslu að tilkynna ríkisskattstjóra á hverju uppgjörstímabili um að slík útleiga hafi átt sér stað með því að fylla út eyðublað þetta og láta það fylgja með skýrslu.

Útfylling einstakra reita

Upplýsingar um seljanda

Hér skal tilgreina nafn, kennitölu, netfang og virðisaukaskattsnúmer seljanda ásamt upplýsinga um viðkomandi uppgjörstímabil virðisaukaskatts (tímbil og ár).

Upplýsingar um leigð skráningarskyld ökutæki

Tilgreina skal upplýsingar um tegund hvers ökutækis sem leigt var út og fellur undir undanþáguna ásamt fastanúmers ökutækisins.

Tilgreina skal heildarverð leigu sem fellur undir undanþáguna á viðkomandi uppgjörstímabili vegna hvers einstaka ökutækis.

Samtala leiguverðs skv. eyðublaðinu telst til undanþeginnar veltu á virðisaukaskattsskýrslu fyrir viðkomandi uppgjörstímabili.